

# Íþróttamiðstöðin Borg

## Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)  
Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)  
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.  
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.  
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:  
[linda@gogg.is](mailto:linda@gogg.is) eða [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)



Febrúar 2019

# HVATARBLAÐIÐ



Útikennsla í Kerhólsskóla



Nýjar rólur á skólalóð Kerhólsskóla



## FUNDARGERÐ.

447. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 9. janúar 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2018.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2018 liggur frammi á fundinum.*

### 2. Fundargerðir.

#### a) Fundargerð 75. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. desember 2018.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### b) Fundargerð 21. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. desember 2018.

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



# Verzlunin



## Vetraropnun

- Mánud. - fimmtud.: 11– 19
- Föstud., og laugard.: 11 - 20
- Sunnudagar: 12 - 18

*Verið velkomin heitt á könnunni*



**486-4408**


*Aðalfundur Sauðfjárræktarfélagsins Barms*

*verður haldinn í Félagsheimilinu Borg*

*miðvikudaginn 27. febrúar kl. 19:30.*

*Venjuleg aðalfundarstörf.*

*Stjórnin.*





Mikið úrval af  
ferskum  
Kryddjurtum



Verið hjartanlega velkomin.

Opið alla virka daga frá 10 - 16



669-0108

694-8405

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, [www.babubabu.is](http://www.babubabu.is) eða í síma 4-800-900.



Lögð fram 21. fundargerð fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 17. desember 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

### Mál nr. 2: Næturhólf og ragaðstaða við Stangarháls.

Fjallskilanefnd óskar eftir að gert verði næturhólf fyrir fé með innrekstrar vængjum og aðstöðu til að setja fé á bíl við Stangarháls fyrir haustið 2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að koma aðstöðunni upp, fáið til þess leyfi landeigenda. Oddvita falið að vinna málið áfram.

### Mál nr. 3: Grafningsréttir.

Fyrir liggur að núverandi réttir á Selflötum (í landi Úlfjótssvatns) eru komnar á það stig að það mun þurfa að eyða talsverðum fjármunum í þær til að hægt sé að rétta í þeim að ári. Vegna ónýtra fjallgirðinga í landi Króks og Villingavatns hafa smaleiðir breyst svo um munar, smalasvæði hefur stækkað og nær niður að Grafningsvegi og því væri hentugast fyrir féð, smala og bændur að réttirnar yrðu fluttar niður undir Grafningsveg. Fjallskilanefnd leggur til við sveitarstjórn að hafnar verði viðræður við landeigendur Úlfjótssvatns hvort hægt sé að flytja réttirnar niður undir veg við ristahlið á mörkum Úlfjótssvatns og Villingavatns. Réttirnar yrðu þá enn í landi Úlfjótssvatns. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við beiðni fjallskilanefndar og felur oddvita að vinna málið áfram.

### c) Fundargerð 13. fundar umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### d) Fundargerð 7. fundar mótuneytisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### e) Fundargerð 9. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. mars 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



**f) Fundargerð 10. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. október 2018.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**g) Fundargerð 11. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. desember 2018.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**h) Fundargerð 1. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu, 19. október 2018.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. Íbúáþing.**


*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að haldið verði íbúáþing þann 21. mars 2019 þar sem nefndir sveitarfélagsins vinni að gerð fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið í samvinnu við íbúa. Sveitarstjórn felur oddvita, tómstunda- og félagsmálafulltrúa og nefndum sveitarfélagsins að leggja grunn að íbúáþinginu.*

**4. Húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps.**

*Samkvæmt lögum nr. 44/1998 og reglugerð nr. 1248/2018 liggur fyrir að gera þarf húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið. Fyrir liggja þrjú tilboð í gerð húsnæðisáætlunarinnar, frá Eflu verkfræðistofu, KPMG ehf. og VSO ráðgjöf. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægsta tilboði frá VSO ráðgjöf. Oddvita / sveitarstjóra falið að ganga frá samningi.*

**5. Úrgangsmál og endurvinnsla.**

*Frá árinu 2009 hefur óflokkaður úrgangur frá sveitarfélögum á Suðurlandi verið fluttur til urðunar í Alfsnesi í samræmi við samkomulag SORPU og Sorpstöðvar Suðurlands, sem gengið var frá í framhaldi af lokun urðunarstaðar Sunnlendinga í Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi árið 2009. Síðustu misseri hefur móttaka úrgangsins verið háð skilyrðum af hálfu SORPU, m.a. um að Sunnlendingar leggi til urðunarstað fyrir hluta af þeim úrgangi sem til fellur á höfuðborgarsvæðinu. Leit Sunnlendinga að urðunarstað hefur ekki enn borið árangur og því telja forsvarsmenn SORPU að forsendur samkomulagsins séu brostnar.*



*Saumakompan*

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

**Elsa Jónsdóttir**

**Sími 864-4642**

## Vetraropnun

**Vetraropnunartími gámastöðvarinnar  
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl**

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|----------|------------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|
| Lokað    | 13-15      | Lokað       | 13-15      | Lokað     | 13-16      | Lokað     |

**Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.**

**Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.**

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS  
ALLAN SÓLARHRINGINN**



**Tökum að okkur  
STÓR og smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -  
snjómokstur -  
bílaflutninga,  
jarðheflun &  
fólksflutninga.**

**Jóhannes og Guðmundur**

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: [verktaki89@gmail.com](mailto:verktaki89@gmail.com)

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

## Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –  
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

[siggi@landlogmenn.is](mailto:siggi@landlogmenn.is)

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

[sverrir@landlogmenn.is](mailto:sverrir@landlogmenn.is)

**Land**  
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

Sunnlendingar hafa þegar ráðist í ýmsar úrbætur í flokkun úrgangs og ætlunin er að ganga enn lengra í þeim efnum í tengslum við útflutning óflokkaða hlutans. Þannig hefur sérsöfnun lífræns úrgangs þegar verið tekið upp í meirihluta sveitarfélaga á svæðinu og verður tekin upp innan hálfars í þeim sveitarfélögum sem eftir standa. Jafnframt verður gert átak í sérsöfnun annars endurvinnsluefnis. Þessar aðgerðir þurfa jafnt að taka til heimila, stofnana, fyrirtækja, fristundabyggða, ferðamanna og annarra sem málið snertir. Markmiðið með þessu er að hámarka nýtingu auðlinda í úrganginum og lágmarka það magn sem senda þarf utan til brennslu. Ljóst er að sveitarfélagið og íbúar þess þurfa að hefja flokkun á lífrænum úrgangi sem allra fyrst og er oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

### 6. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn starfsmanns Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja umsækjanda til náms í kennarafræðum skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins. Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk skv. 4. lið reglnanna um kostnað við skólagjöld og til bókakaupa.

### 7. Minkaveiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bergi Þór Björnssyni, dags. 2. janúar 2019 þar sem óskað er eftir samningi við sveitarfélagið um minkaveiðar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur oddvita / sveitarstjóra að afla frekari gagna.

### 8. Viðbragðsáætlun Almanna- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur viðbragðsáætlun Almanna- og Grafningshrepps vegna samfélagslegra áfalla, langtíma viðbrögð Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn felur oddvita að vinna áfram að málinu.

### 9. Aðalfundur Bergrisans bs.

Fyrir liggur aðalfundarboð Bergrisans bs. sem haldinn verður föstudaginn 18. janúar n.k. á Selfossi. Samþykkt er að fulltrúar sveitarfélagsins verði Ingibjörg Harðardóttir og Ása Valdís Arnadóttir.

## 10. Beiðni um styrk frá Ferlir vegna heimasíðunnar [www.ferlir.is](http://www.ferlir.is)

Fyrir liggur beiðni um styrk frá vefsíðunni [www.ferlir.is](http://www.ferlir.is) að fjárhæð kr. 7.900 til að viðhalda vefsíðunni. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

## 11. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem bréfi sveitarfélagsins frá 28. nóvember 2018 er svarað.

Fyrir liggur bréf ásamt minnisblaði frá framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Karli Björnssyni, dagsett 18. desember 2018 þar sem svarað er erindi sveitarfélagsins til stjórnar sambandsins. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafnaði erindi Grímsnes- og Grafningshrepps. Bréfið lagt fram til kynningar.

## 12. Bréf frá Bryndísi Hlöðversdóttur, formanni starfshóps um endurskoðun kosningalaga, þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarfélagsins.

Fyrir liggur bréf frá Bryndísi Hlöðversdóttur, formanni starfshóps um endurskoðun kosningalaga, dagsett 19. desember 2019 þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarfélagsins við endurskoðun kosningalaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

## 13. Bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Fyrir liggur bréf frá Kristínu Lindu Árnadóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar og Aðalbjörgu Birnu Guttormsdóttur verkefnisstjóra, dagsett 14. desember 2018 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Sveitarstjórn tilnefndir Smára Bergmann Kolbeinsson sem fulltrúa sinn í nefndina.

### Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 540. stjórnarfundar 07.12.2018.
- ✓ SASS. Fundargerð 541. stjórnarfundar 27.12.2018.

## Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastígur 8, 845 Flúðir



### Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

#### Aðalréttir

|                                                             |           |
|-------------------------------------------------------------|-----------|
| Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið                    | 2.390 ISK |
| Matarmikið kjúklingasalát með dressingu                     | 2.490 ISK |
| Lambasveppabaggi með salati                                 | 2.490 ISK |
| Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basil sósu (vegan) | 2.100 ISK |
| Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)         | 1.890 ISK |
| Allir barnaréttir á matseðli                                | 990 ISK   |

#### Eftirréttir

|                   |           |
|-------------------|-----------|
| Sveppais          | 1.190 ISK |
| Gulrótaráís       | 1.190 ISK |
| Gulrótar/byggkaka | 1.190 ISK |



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturna og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) og s. 519-0808

[farmersbistro](https://farmersbistro.is), [farmersbistro.is](https://farmersbistro.is)




Föstud. 15. febrúar 2019  
**Tónleikar/Uppistand**  
**Eypór Ingi**

**Sælkerahlaðborðið okkar, kaffi og heimagert  
konfekt til kl. 19:30 kr. 2.890.**

**Uppistand og tónleikar hefst kl. 20:00  
kr. 3.500.**

**Barinn opinn til kl. 01:00**



Farmers Bistro // Garðastígur 8//845 Flúðir  
Bókið miða á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) eða í síma 519-0808

- ✓ Tölvupóstur og minnisblað frá Önnu G. Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. janúar 2019 þar sem farið er yfir 35. þing sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.
- ✓ Persónuvernd, ársskýrsla 2017.
- ✓ Bréf frá Eiríki G. Guðmundssyni, þjóðskjalaverði, dags. 18. desember 2018 um starfsemi héraðsskjalasafna.
- ✓ Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga, niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi héraðsskjalasafna 2017.
  - liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Starfsemi héraðsskjalasafna, niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2017.
  - liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Heilbrigðisstofnun Suðurlands, ársskýrsla 2017.
- ✓ Klifur, málagn Sjálfsbjargar, 29. árg. 2018.
  - liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Gigtin, 2. tbl. 2018.
  - liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:50

**Við biðjum fólk vinsamlegast að spara heita  
vatnið í þessari kuldatíð.**

Hægt er að spara heitt vatn og þar með kyndikostnað sinn með því að gæta að því að gluggar séu ekki opnir og útidyr ekki látnar standa opnar lengur en þörf er á.

Þá skipta einnig máli stillingar ofna – að óþarflega heitt vatn renni ekki frá þeim – og að ofnarnir séu ekki byrgðir, til dæmis með síðum gluggatjöldum eða húsgögnum. Þá eru heitir pottar við heimili talsvert þurftaþreikir á vatnið.



## FUNDARGERÐ.

448. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 23. janúar 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

Oddviti leitar afbrigða við útsenda dagskrá.

*Samþykkt samhljóða.*

a) Kvöð um forkaupsrétt.

### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 9. janúar 2019.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 9. janúar 2019 liggur frammi á fundinum.*

### 2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 17. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. janúar 2019.



## Vilt þú hlúa að líkama þínum og sál?

10 tíma byrjendanámskeið í yoga,  
**hefst 14. febrúar nk.**

að Hrísrú 1, Sólheimum.

Farið verður ítarlega  
í allar grunn yogastöðurnar,  
helstu hugtök yogafræðanna,  
öndunaræfingar,  
hugleiðslu og slökun.

Kennt verður x 2 í viku,  
mán. og fim. frá kl. 17:30 – 18:40.

Kennari er Kristín B. Albertsdóttir,  
jógakennari.

Frekari uppl. og skráning í síma:  
866 8696 eftir kl. 16:00,  
eða á netfangið;

[kristinalbertsdottir@gmail.com](mailto:kristinalbertsdottir@gmail.com)





Eru frjáls félagasamtök barn síns tíma eða eiga þau  
jafnmikinn rétt á sér nú 100 árum síðar?

Málþing í tilefni að 100  
ára afmæli Kvenfélags  
Grímsneshrepps um gildi  
frjálsra félagasamtaka í  
samfélögum.

Félagsheimilið Borg,  
Grímsnes- og  
Grafningshreppi

9.mars 2019

**Takið daginn frá  
Allir velkomnir!**

Nánari dagskrá auglýst  
síðar

## Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

*Lögð fram 17. fundargerð samgöngunefndar Grimsnes- og Grafningshrepps, dags. 9. janúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 1: Styrkbeiðni v/flóttaleiða frá sumarbústaðabyggðum.**

*Fyrir liggja tillögur samgöngunefndar að reglum og umsóknareyðublaði vegna styrkveitinga á flóttaleiðum í sumarhúsahverfum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur samgöngunefndar um styrki til uppbyggingar flóttaleiða og var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.*

**b) Fundargerð 169. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita,  
16. janúar 2019.**

**Mál nr. 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27 og 35 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 169. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,  
dags. 16. janúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast  
afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 20: 1812046 - Arnarbæli 1 L168227; Arnarbæli 1A, 1C, 1D, 1E og 1F; Stofnun lóða.**

*Fyrir liggur umsókn Grétars Ottó Róbertssonar, dags. 9. desember 2018 um stofnun 5 landeigna út úr jörðinni Arnarbæli 1 L168227. Meðeigendur Grétars hafa gefið samþykki sitt fyrir áformunum. Fyrirhugað er að spildurnar verði eftirfarandi: Arnarbæli 1A verður 208.1 ha að stærð, Arnarbæli 1C verður 5.43 ha að stærð, Arnarbæli 1D verður 8.66 ha að stærð, Arnarbæli 1E verður 97.13 ha að stærð, og Arnarbæli 1F verður 97.13ha að stærð. Eftir landskiptin verður Arnarbæli 1 skráð með stærðina 2.600 m<sup>2</sup>.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skiptingu landsins né heiti nýju landeignanna. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

**Mál nr. 21: 1812047 - Kiðjaberg Golfvöllur L168257; Vélaskemma; Hliðrun á byggingarreit; Fyrirspurn.**

Fyrir liggur beiðni Kiðjabergs ehf. um að hliðra til byggingarreit fyrir skemmu á golfvelli félagsins í gildandi deiliskipulagi Kiðjabergs.

Sveitarstjórn Grimsnes- og Grafningshrepps gerir leiðréttingu á bókun skipulagsnefndar frá 169. fundi nefndarinnar þann 16. janúar 2019. Skipulagsnefnd samþykkti breytingu á gildandi deiliskipulagi Kiðjabergs sem óverulega en bókaði sem breytingu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að lóð undir skemmu verði færð til vesturs. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu og telur sveitarstjórn að breytingin hafi engin umhverfisleg áhrif sem geta talist veruleg.

**Mál nr. 22: 1805051 - Neðan-Sogsvegur 14 L169341; Norðurkot; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram að nýju, að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Neðan-Sogsvegur 14 og 14B í Norðurkoti en hún felur í sér að lóð 14 stækkar úr 13.800 m<sup>2</sup> í 14.795,5 m<sup>2</sup> og lóð 14B stækkar úr 18.000 m<sup>2</sup> í 37.864,5 m<sup>2</sup>. Bætt er byggingarreiti inn á lóð 14 en hann er ekki til staðar í gildandi deiliskipulagi. Tillagan var auglýst frá 1. ágúst til 12. september 2018. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsfulltrúi sendi deiliskipulagsbreytinguna til Skipulagsstofnunar 17. október 2018 til lokaafgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun hefur í bréfi, dags. 21. nóvember 2018 gert nokkrar athugasemdir sem snúa að tæknilegum útfærslum á gögnum. Skipulagsfulltrúi hefur unnið ásamt hönnuði að lagfæringum á gögnum til samræmis við ábendingar Skipulagsstofnunar og hafa uppfærð gögn verið send Skipulagsstofnun.

Sveitarstjórn hefur rætt þær athugasemdir sem fram komu í bréfi Skipulagsstofnunar og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu í samráði við Skipulagsstofnun.

**Mál nr. 23: 1901027 - Þóróddsstaðir lóð 7 L196933; Rekstrarleyfi í flokki II.**



**Trúið þið því - 100 ára verðum við 24.apríl 2019!**

Í tilefni þess erum við að taka saman sögu félagsins sem við stefnum á að gefa út á 100 ára afmælisdeginum. Við erum þessa dagana á lokasprettinum að klára að hnýta síðustu hnútana í því verkefni. Þetta er búið að vera mjög lærdómsríkt á margan hátt og gaman að kynnast betur þeim 250 konum sem hafa starfað í félaginu í gegnum síðustu 100 ár. Í meðfylgjandi mynd eru fornöfn allra þeirra 250 kvenna.

Okkur langar að bjóða þér að kaupa bóka á sérstöku forsöluverði (5.500kr) og fá nafn þitt ritað í bókina, eða eins og sagt er upp á latnesku tabula gratulatoria.

Það liggja inni á hreppsskrifstofu og í sundlauginni eyðublöð og kassi til að skila í, svo erum við með slóð inn á skráningarsíðu inni á Facebooksíðu kvenfélagsins og að auki tókum við á móti frjálsum framlögum.

Svo getur þú líka bara bjallað á okkur.

Ritnefnd: Lís Thomsen s. 863-8814, Guðrún Ásgeirs s. 851-1512 og Þórunn Drífa Odds s. 856-1185

Stjórn félagsins: Laufey Guðmunds s. 863-7218, Sigríður Björns s. 868-3070 og Anna Wozniczka s. 867-9789.





## Aðalfundur Kvenfélags Grímsneshrepps verður laugardaginn 9. febrúar í félagsheimilinu Borg kl 11.00

### Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- 100 ára afmælisárið
- Gestur fundarins verður Vilborg Arna Gissurardóttir, pólfari.



**8848 ástæður til þess að gefast upp.**

*Fjallar um ferðalag í átt að markmiði sem reyndist síður en svo auðvelt að ná. Sagan er persónuleg og fjallar um hvernig er hægt að yfirstíga hindranir, halda út í erfiðum aðstæðum, sorgir sem og sigra.*

*Sagan á erindi við alla sem þurfa að takast á við áskoranir, mótlæti eða vilja bæta árangur sinn.*

**Við bjóðum nýjar konur velkomnar**

**Stjórnin**



*Lögð fram fyrirspurn frá Fögruborgum ehf. að heimila gistingu í atvinnuskyni, rekstrarleyfi í fl. II á Þóroddstöðum lóð 7, landnr. 196933, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þóroddsstaða.*

*Sveitarstjórn hafnar breytingum á skipulagi sem gefa leyfi til reksturs í atvinnuskyni í frístundabyggðum þar sem starfsemin samræmist ekki skipulagi frístundabyggða.*

*Smári Bergmann Kolbeinsson og Bjarni Þorkelsson viku sæti við afgreiðslu málsins.*

**Mál nr. 24: 1901026 - Þóroddsstaðir lóð 21 L194938; Rekstrarleyfi í flokki II.**

*Lögð fram fyrirspurn frá Fögruborgum ehf. að heimila gistingu í atvinnuskyni, rekstrarleyfi í fl. II á Þóroddstöðum lóð 21, landnr. 194938, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þóroddsstaða.*

*Sveitarstjórn hafnar breytingum á skipulagi sem gefa leyfi til reksturs í atvinnuskyni í frístundabyggðum þar sem starfsemin samræmist ekki skipulagi frístundabyggða.*

*Smári Bergmann Kolbeinsson og Bjarni Þorkelsson viku sæti við afgreiðslu málsins.*

**Mál nr. 25: 1901025 - Þóroddsstaðir lóð 2 L210271, 4 L210272 og 20 L210276; Rekstrarleyfi í flokki II.**

*Lögð fram fyrirspurn frá Fögruborgum ehf. að heimila gistingu í atvinnuskyni, rekstrarleyfi í fl. II á Þóroddstöðum lóð 2, landnr. 210271, lóð 4, landnr. 210272 og lóð 20, landnr. 210276, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðirnar eru á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þóroddsstaða.*

*Sveitarstjórn hafnar breytingum á skipulagi sem gefa leyfi til reksturs í atvinnuskyni í frístundabyggðum þar sem starfsemin samræmist ekki skipulagi frístundabyggða.*

*Smári Bergmann Kolbeinsson og Bjarni Þorkelsson viku sæti við afgreiðslu málsins.*

**Mál nr. 26: 1811046 - Nesjavallavirkjun L170925; Borun vinnsluholu NJ-31 á orkuvinnslusvæði; Framkvæmdaleyfi.**



Fyrir liggur beiðni Orku náttúrunnar um framkvæmdaleyfi til að bora vinnsluholu/uppbótarholu á orkusvæði Nesjavallavirkjunar sbr. umsókn dags. 18. nóvember 2018 og lýsingu verks dags. 28. nóvember 2018. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum og einnig í samræmi við aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Markmiðið með borun uppbótarholu er að mæta rýrnun á gufuforða virkjunarinnar. Framkvæmdin felst í eftirfarandi: Gerð borholustæðis, borun vinnsluholu og lagning jarðstrengs ofanjarðar. Framkvæmdin tekur til vinnsluholu NJ-31 sem staðsett verður á borsvæði Nesjavallavirkjunar þar sem nú þegar hafa verið boraðar NJ-11, NJ-23, NJ-24 og NJ-25.

Fulltrúar ON mættu til fundarins og fóru yfir þær framkvæmdir og boranir sem hafa verið gerðar á svæðinu. Jafnframt mættu fulltrúar sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps á fundinn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi vegna borholu NJ-31.

**Mál nr. 27: 1812014 - Þóroddsstaðir L168295; Þóroddsstaðir 1, 2 og 3; Stofnun lóða.**

Lögð fram að nýju umsókn Bjarna Þorkelssonar um stofnun þriggja lóða úr landi Þóroddsstaða landnr. 168295. Fyrst er að nefna lóð sem á að stofna utan um núverandi íbúðarhús á Þóroddsstöðum, 1.587 m<sup>2</sup> og á að fá heitið Þóroddsstaðir 1. Þá er 10.574 m<sup>2</sup> lóð sem er staðsett vestast í landi Þóroddsstaða (við Laugarvatnsveg) og á að fá heitið Þóroddsstaðir 2. Og sú þriðja, er staðsett austast í landinu við Stangarlæk og er 10.574 m<sup>2</sup> og á að fá heitið Þóroddsstaðir 3.

Afgreiðslu var frestað þar sem talið var að skoða þurfti notkun lóðanna og aðkomu. Fyrir liggja nánari upplýsingar frá umsækjanda.

Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemd við stofnun lóðanna með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar. Varðandi heiti lóðanna benti skipulagsnefnd á að óæskilegt væri að tengja heiti fristundalóða við bæjarheiti með beinni númeraröð. Ekki var gerð athugasemd við 13. gr. jarðalaga.

## Eldri borgarar í Grímsnes– og Grafningshreppi

Verið velkomin á kynningu á íþróttahúsi og yfirferð á tækjum í þreksal **þriðjudaginn 12. febrúar kl. 11:00.**

Rut og Bjössi verða til skrafs og ráðagerðar. Tilvalið að fá sér góðan hádegisverð á eftir í félagsheimilinu.



Hins vegar beinir sveitarstjórn því til eigenda lóðar nr. 2 að breyta heiti lóðarinnar þar sem misskilningur gæti komið upp vegna líkra heita Neðra-Apavatns 2 og Neðra-Apavatns lóð 2.

#### 11. Önnur mál.

##### **Kvöð um forkaupsrétt.**

Fyrir liggur kaupsamningur milli hlutaðeigandi aðila um Kónsveg 9 (fastanúmer 234-4979) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í kaupsamningi lóðarinnar dags. 7. apríl 1971 er kveðið á um að Grímsneshreppur eigi forkaupsrétt að lóðinni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti lóðarinnar og veitir sveitarstjóra, Ingibjörgu Harðardóttir fulla heimild til að tilkynna það sýslumanni fyrir hönd sveitarfélagsins.

##### **Til kynningar**

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.  
Fundargerð 275. stjórnarfundar 07.01 2019.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands.  
Fundargerð 276. stjórnarfundar 17.01 2019.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.  
Fundargerð 866. stjórnarfundar, 14.12 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:45



# Íbúafundur

## 21. mars 2019

# Takið daginn frá

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um að deiliskipulag frístundabyggðar í landi Þóroddsstaða sem samþykkt var af sveitarstjórn þann 18. apríl 2018 verði uppfært í heild sinni til dagsins í dag. Gerður er fyrirvari um umsögn Vegagerðarinnar um vegtengingu við Þóroddsstaði 2. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða heiti lóðanna Þóroddsstaðir 1 og 2 með fyrirvara um að heiti lóða, í þegar uppbyggðu frístundahverfi í landi Þóroddsstaða fái heitið Langirimi í samræmi við örnefni á staðnum og vilja landeiganda. Þóroddsstaðir 3 eru innan fyrrnefnds deiliskipulags og fær því heitið Langirimi og númer í samræmi við deiliskipulagið. Ekki eru gerðar athugasemdir við 13. gr. jarðalaga.

Bjarni Þorkelsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

**Mál nr. 35: 1812002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 92.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. desember 2018.

#### 3. Úrgangsmál og endurvinnsla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hefja flokkun á lífrænum úrgangi í sveitarfélaginu sem allra fyrst og er oddvita og sveitarstjóra falið að vinna að samningi við Gámahjónustuna og vinna málið áfram.

#### 4. Boðsbréf til sveitarstjórnar á ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi.

Fyrir liggur boðsbréf til sveitarstjórnar á ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi. Ráðstefnan fer fram dagana 30. – 31. janúar n.k. á Selfossi og ber yfirskriftina „Ungt fólk á Suðurlandi horfir til framtíðar“. Sveitarstjórn þakkar gott boð og samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson fari sem fulltrúar sveitarfélagsins á ráðstefnuna og varamenn verði Smári Bergmann Kolbeinsson og Ingibjörg Harðardóttir.

#### 5. Bréf frá Salvöru Nordal f.h. umboðsmanns barna þar sem óskað er eftir tengilið sveitarfélagsins við embættið.

*Fyrir liggur bréf frá Salvöru Nordal f.h. umboðsmanns barna, dagsett 17. janúar 2019 þar sem óskað er eftir að tilnefndur verði tengiliður sveitarfélagsins við embættið. Fulltrúinn hefur það hlutverk að hafa milligöngu um þátttöku barna úr sveitarfélaginu á þing um málefni barna sem haldið verður dagana 21. – 22. nóvember 2019 í Reykjavík.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Gerður Dýrfjörð, tómstunda- og félagsmálafulltrúi verði tengiliður sveitarfélagsins.*

**6. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Akurgerði 4, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Akurgerði 4, dagsett 11. desember 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.*

**7. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga.**

*Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga. Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

**8. Bréf frá Sigmundi Hannessyni hrl. f.h. erfingja Guðbjargar Guðsteinsdóttur þar sem óskað er eftir að fasteignagjöld húsakosts Nesjavallajarðarinnar verði færð í fyrra horf.**

*Fyrir liggur bréf frá Sigmundi Hannessyni hrl. f.h. erfingja Guðbjargar Guðsteinsdóttur, dagsett 7. janúar 2019 þar sem óskað er eftir að fasteignagjöld húsakosts Nesjavallajarðarinnar verði færð í fyrra horf. Skv. upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands var skráningu breytt að beiðni þinglýsts eiganda og getur sveitarfélagið ekki breytt neinum skráningum hjá Þjóðskrá Íslands. Sveitarstjórn beinir því til lögmannsins að hafa samband við Þjóðskrá Íslands.*

**9. 1812017 - Neðra-Apavatn L168269; Neðra-Apavatn 2; Stofnun lóðar.**

*Lögð fram að nýju umsókn Sigurlínar Grímsdóttur, dags. 7. desember 2018 um stofnun 53,6 ha lands úr landi Neðra-Apavatns L168269, skv. meðfylgjandi uppdrætti. Gert er ráð fyrir að landið fái heitið Neðra-Apavatn 2. Stefnt er að stofnun lögbýlis með stofnun landsins og er óskað eftir umsögn sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar lögbýlisstofnunar. Samhliða umsókn um stofnun landeignarinnar liggur einnig fyrir umsókn í öðru máli um staðfestingu á afmörkun nokkurra lóða sem liggja upp að nýja landinu. A meðfylgjandi lóðablaði liggur fyrir samþykki meðeigenda upprunallandsins, Magnúsar Grímssonar og Magnúsar H. Jónssonar sem eru líka eigendur aðliggjandi landeigna á afmörkun nýju landeignarinnar. Gert er ráð fyrir aðkomu að landinu annars vegar frá Laugarvatnsvegi (37) um núverandi heimreið Neðra-Apavatns og þaðan um vegslóða sem liggur að landinu og hins vegar frá Laugarvatnsvegi (37) um núverandi veg sem liggur að fristundalóðum við Apavatn.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun landeignarinnar með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar vegna aðkomu að landinu. Ekki eru gerðar athugasemdir við heitið Neðra-Apavatn 2. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. jarðalaga. Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um stofnun lögbýlis á landinu.*

**10. 1812018 - Neðra-Apavatn lóð L169324-28 (bein númeraröð 5 lóða); Fannarlækur; Breytt afmörkun og skráning lóða.**

*Fyrir liggur umsókn eigenda 5 lóða úr Neðra-Apavatni, dags. 1. desember 2018 um staðfestingu á afmörkun viðkomandi lóða og breyttri skráningu á stærð þeirra í samræmi við hnitsetta afmörkun skv. meðfylgjandi lóðablaði. Um er að ræða lóðirnar Neðra-Apavatn lóðir 1 til 5, L169324-328. Ekki hefur áður legið fyrir nákvæm afmörkun lóðanna. Samhliða er óskað eftir að lóð 1 L169324 fái heitið Fannarlækur. Eigendur lóðanna 5 eru einnig eigendur upprunallandsins, Neðra-Apavatn L168269 og liggur fyrir samþykki þeirra á afmörkun lóðanna. Fyrir liggur umsókn í öðru máli um stofnun landeignar sem liggur upp að viðkomandi lóðum og er sýnd á sama lóðablaði.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðanna og ekki eru gerðar athugasemdir við að lóð nr. 1 fái heitið Fannarlækur. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. jarðalaga.*